

Vinnustofa um GróLind á Snæfellsnesi

Hvernig nýtist vöktun og mat á gróðri og
jarðvegi við skipulag og stjórnun
landnýtingar?



Hvað er um að ræða og hvers vegna Snæfellsnes?

Leið til að stuðla að auknu samráði um vöktun og mat á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda:

➤ **Hagnýting þekkingar á staðbundnum skala:**

- Hvernig nýtum við best þá þekkingu sem er til og hvað skiptir mestu máli fyrir íbúa svæðisins?

Snæfellsnes hentugur vettvangur:

- Landfræðileg og samfélagsleg afmörkun
- Samráðsvettvangur og áhugasamir tengiliðir til staðar → Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Áhersla á sjálfbærni í gegnum svæðisskipulag
- Áhugi og tækifæri til bættrar landnýtingar

Markmið vinnustofunnar

- Bæta upplýsingaflæði um stöðu og stefnu GróLindarverkefnisins
- Auka þátttöku og hlutdeild hagaðila í verkefnum sem geta haft áhrif á þá eða nýst þeim á einn eða annan hátt
- Stuðla að samtali og skoðanaskiptum milli fólks með ólíka sýn og þekkingu
- Tengja gögn GróLindar betur við staðbundnar aðstæður, þekkingu og þarfir
- Horfa á vöktun og rannsóknir GróLindar í víðara samhengi: Hvernig og hvers vegna getur þetta skipt máli?



Stóra samhengið

GróLindarverkefnið, þau gögn sem þar safnast og hvernig er unnið með þau getur skipt máli í tengslum við t.d.:

- Skipulagsmál:
 - Bætt landnotkun sveitarfélaga og flokkun landbúnaðarlands
 - skipulag verndar og endurheimtar, val á landi undir skógrækt, matvælaframleiðslu o.fl.
- Áhrif breyttrar samfélagsgerðar og búsetumynsturs á landnotkun
- Loftslagsmál, kolefnisbókhalð, líffræðilegan fjölbreytileika, o.fl.
- Breytingar á laga-, styrkja- og starfsumhverfi, t.d. tengt sjálfbærri landnýtingu og landbúnaði



Hvar, hvenær og fyrir hverja?

- **Hvað:** Framhald af vinnustofu sem haldin var 13. janúar s.l., en nú fyrir breiðari hóp
- **Hvar:** Breiðablik, íbúa og gestastofa
- **Hvenær:** 25. mars, frá kl 18 til 20
→ Súpa, brauð, kaffi og konfekt í boði
- **Fyrir hverja:**
 - Bændur og landeigendur
 - Fulltrúa sveitarfélaga og skipulagsnefnda
 - Ferðapjónustuaðila
 - Þekkingarstofnanir á Snæfellsnesi
 - Umhverfis- og náttúruverndaraðila
 - Sumarhúsaeigendur á svæðinu
 - Aðra áhugasama um skipulag og stjórnun landnýtingar á Snæfellsnesi

Aðstandendur og umsjón

Fulltrúar GróLindar:


- Fulltrúar faghóps: Oddný Steina Valsdóttir, Borgar Páll Bragason og Jóhannes Sveinbjörnsson
- Úr verkefnastjórn: Bryndís Marteinsdóttir og Jóhann Helgi Stefánsson
- Jónína S. Þorláksdóttir, doktorsnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands

Af Snæfellsnesi:

- Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdarstjóri Svæðisgarðsins Snæfellsnes
- Iðunn Hauksdóttir, Héraðsfulltrúi Lands og Skógar á Vesturlandi


Uppbygging vinnustofu 2:

Kynning, umræður, samantekt og næstu skref



Hvernig verður unnið með upplýsingarnar?

- Niðurstöður nýttar beint inni í GróLindarverkefnið, m.a. við:
 - Úrvinnslu og framsetningu gagna
 - Forgangsröðun og samþættingu verkefna
 - Þróun þátttökuvöktunar, ástandsmats og sjálfbærnivísa út frá hugmyndum og þörfum hagaðila
 - Áframhaldandi þróun og framkvæmd samráðs við hagaðila



Hvernig tek ég þátt?

Allir velkomnir!

➤ **Skráning upp á veitingar og fyrir aðgang að ýmsum gögnum:**

- Vöktunarpunktar GróLindar og Landvöktunarverkefnisins
- Dæmi um ástandsmat út frá nýjustu vöktunargögnum GróLindar
- Landgræðslu- og endurheimtarsvæði á Snæfellsnesi
- Skógræktarsvæði á Snæfellsnesi
- Ný rofkortlagning út frá GróLindargögnum (Fléttan)
- ...og mögulega ýmislegt fleira í framhaldinu



Ragnildur Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri svæðisgarðsins
Snæfellsnes:

➤ Ragnildur@snaefellsnes.is

➤ **Sími: 848-2339**

Þemu rædd á fyrri vinnustofu

1. Vöktun og mat á ástandi lands

- Hvaða áskoranir hefur þú upplifað þegar kemur að vöktun og mati á gróðri eða jarðvegi á þínu landi/landinu sem þú ert að nýta?
- Hverskonar upplýsingar eða gögn myndir þú vilja fá til að gera þér betur grein fyrir ástandi lands?
- Hvað myndi fá þig til að taka þátt í vöktunarverkefni, og hvaða ávinning gæti það haft fyrir þig/ hvernig þyrfti slíkt verkefni að vera til að þú teldir þig geta haft hag af því að taka þátt?
- Hverskonar aðferðir telur þú að gætu verið gagnlegar til þess að bæta samvinnu milli bænda, landeigenda og vísindamanna þegar kemur að vöktun og mati á ástandi lands?

2. Skipulag landnýtingar og beitarstýring

- Hvernig hefur þú hingað til tekið ákvarðanir um landnýtingu eða beitarstýringu?
- Hvernig gætu gögn frá GróLind hjálpað þér við að taka betri eða markvissari ákvarðanir?
- Hverskonar upplýsingar myndir þú vilja sjá til að meta betur áhrif landnýtingar á ástand lands?
- Hvaða form upplýsingagjafar myndi henta þér best, t.d. kort, töflur, stuttar útskýringar, bein samtöl eða aukinn aðgangur að ráðgjöf?

3. Landbótaaðgerðir

- Hefur þú reynslu af landgræðslu- eða endurheimtaraðgerðum á þínu landi? Hvað hefur virkað vel eða ekki vel?
- Þekkir þú til þeirra styrkja og ráðgjafar sem eru í boði þegar kemur að landbótum? Ef svo, hvernig er það að nýtast og mætti eitthvað betur fara?
- Hvernig gætu vöktunargögn hjálpað þér við að meta árangur slíkra aðgerða?
- Hverskonar upplýsingum myndir þú vilja hafa aðgang að ef þú værir að skipuleggja og framkvæma landbótaaðgerðir á þínu svæði?
- Hvernig telur þú að mætti tengja betur saman staðbundna þekkingu þína og reynslu við vísindalega þekkingu til að auka árangur?

4. GróLind og samráð við hagaðila

- Hvaða upplýsingar, og á hvaða formi, myndir þú vilja fá um ástand lands á þínu svæði?
- Hvað finnst þér skipta mestu máli þegar kemur að upplýsingagjöf frá GróLind til bænda og landeigenda?
- Hvernig mætti gera þér auðveldara fyrir að nýta gögn frá GróLind, bæði í samspili við önnur verkefni og í þínu daglega starfi?
- Hvaða leiðir myndir þú helst vilja nota til stuðla að auknum samskiptum og samtali um GróLindarverkefnið, og til að miðla þinni reynslu og þekkingu til GróLindar?

Niðurstöður úr umræðum fyrri vinnustofu:

Helstu málefni eftir þemum (1)

Þema 1: Vöktun og mat á ástandi lands

- Framsetning gagna þarf að hafa skýra tengingu við viðfangsefni og þarfir bænda og landeigenda.
- Vöktunarpplýsingum þarf að fylgja gagnvirk ráðgjöf, t.d. í gegnum beint samtal eða samskiptaforrit.
- Gögnum þurfa að fylgja útskýringar um hvernig hægt er að nýta þau til að bregðast við áskorunum í landnýtingarmálum og við landbætur.
- Aðgengi bænda og landeigenda að gögnum þarf að einfalda, t.d. gegnum jörð.is og/eða map.is.
- Hugtakanotkun þarf að vera betur samræmd til að bæta sameiginlegan skilning á viðfangsefnum.
- Auka þarf sannfæringu fyrir því að það ferli sem notað er við gróðurvöktun virki til að ná fram hlutlausum gögnum.

Þema 2: Skipulag landnýtingar og beitarstýring

- Myndræn framsetning gagna þarf að auðvelda mat á hvort land sé í framför, afturför, eða stöðugu ástandi.
- Til að gögn nýtist við skipulag þarf að fylgja greining á því hvaða landnýting er ákjósanleg á hverju svæði (t.d. kornrækt, skógrækt, beit, landgræðsla...).
- Bændur og landeigendur þarf að styrkja betur til að stunda vöktun og rannsóknir á sínum beitarsvæðum, t.d. með GPS tækjum fyrir kindur.
- Bæta þarf skilning á ástæðum landhnignunar eða bata á hverju svæði fyrir sig (tenging við beitarþunga, veðurfarsbreytingar o.s.frv.) til að auðvelda samanburð á milli svæða.
- Tengja þarf betur saman upplýsingar um ástand lands og nýtingu lands svo hægt sé að meta framvindu.
- Auka þarf gagnsæi varðandi það hvernig kolefnisbókhald Íslands er uppbyggt og hvernig landnýting og ástand lands spilar þar inn í.

Niðurstöður úr umræðum fyrri vinnustofu:

Helstu málefni eftir þemum (2)

Þema 3: Landbótaaðgerðir

- Styðja þarf við bændur í að gera tilraunir í tengslum við landbótaaðgerðir.
- Auka þarf aðgengi að ráðgjöf og þekkingu um landbætur og þá styrkmöguleika sem eru í boði.
- Auka þarf skilning á því hvernig hægt er að nota vöktunargögn við mat á árangir aðgerða.
- Vöktunargögn þyrfti að tengja við skipulag landbótaaðgerða á stærri svæðum til að ná fram samfellu.
- Tengja þarf betur saman upplýsingar um ástand lands, nýtingu lands og ákjósanlegar landbætur á þægilegu viðmóti
- Bæta þarf upplýsingar um hverskonar landbætur henta hvar (t.d. landgræðsla, skógrækt, eða endurheimt votlendis) útfrá ástandi og eðli lands.

Þema 4: GróLind og samráð við hagaðila

- Leggja áherslu á beint, gagnvirkt samtal um rannsóknarupplýsingar svo hægt sé að færast í átt að sameiginlegum skilningi og auka traust, t.d. með fleiri svona fundum.
- Horfa til bæði staðbundinnar og vísindalegrar þekkingar og auka gagnsæi á hvernig mismunandi þekking spilar saman og er notuð við ákvarðanatöku.
- Þátttöku í vöktunarverkefnum þarf að fylgja skýr tilgangur og raunverulegur aðgangur að gögnum svo við séum öll í sama lið og tölum sama tungumál.
- Auka þarf samvinnu við öflun og staðfæringu þeirra gagna sem liggja til grundvallar ákvarðanatöku til að tryggja hlutleysi þeirra.
- Þátttöku í vöktun þarf að fylgja fræðsla sem eykur getu bænda og landeigenda til að meta ástand og framvindu lands og hvaða þættir spila þar inn í.
- Koma þarf á raunverulegu samtali milli bænda, landeigenda, vísindafólks og sveitarfélaga um það hvernig við viljum nýta landið